




Alþýðusamband Íslands

Vörukarfan í Bónus hefur hækkað mest síðan 2008

Vörukarfa ASÍ hefur hækkað mikið frá því í apríl 2008, þar til nú í byrjun mars. Verð vörukörfunnar hefur hækkað meira í lágvöruverðsverslunum en öðrum verslunum. Mest hefur hún hækkað í Bónus og Samkaupum-Strax eða um 64%, en minnst hjá Nóatúni um 26%.



Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 46% frá 2008

Til samanburðar má benda á að verð á mat- og drykkjarvörum í vísitölu neysluverðs hefur hækkað um 46% frá því í apríl 2008 þar til nú. Þegar rýnt er í verðhækkningar verslunarkeðjanna á þessum 5 árum má sjá að verðhækkningar eru mjög mismunandi eftir verslunarkeðjum. Minnsta hækkunin á þessu tímabili er eins og áður segir hjá Nóatúni en þar hefur verð hækkað um 26% og um 33% hjá Hagkaupum. Mesta hækkun á þessu tímabili er 64% hjá Bónus og Samkaupum-Strax, um 54% hjá Nettó og Tíu-ellefu, hjá Krónunni um 53% og hjá Samkaupum-Úrvali um 46%.

		Nóatún	Hagkaup	Samkaup- Úrval	Krónan	Tíu- ellefu	Nettó	Samkaup- Strax	Bónus
apr.08	v.15	100	100	100	100	100	100	100	100
jan.09	v.03	114	114	121	129	124	131	126	135
feb.10	v.08	120	122	128	133	128	133	142	145
feb.11	v.7	119	120	131	135	129	144	143	149
mar.12	v.9	123	121	137	146	139	150	153	155
mar.13	v10	126	133	146	153	154	154	164	164

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglað almenn inkaup meðalheimilis. Vörugarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðalheimilis. Verðbreytingar eru skoðaðar í eftirfarandi verslanakeðjum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni og Nettó og í almennu matvöruverslunum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrvali og klukkubúðunum, Tíu-ellefu og Samkaupum-Strax.

Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli verðmælinga. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslunum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ.